



Spjaldtölvuverkefni

Norðlingaskóli, í samstarfi við Námsgagnastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun, Upplýsinga- og tæknimiðstöð Reykjavíkur, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Epli.is, er þátttakandi í þróunarverkefni í notkun spjaldtölvu í námi. Verkefnið stendur frá febrúarmánuði 2012 og fram í júní 2013.

Norðlingaskóla
5.3.2012

Þessi samningur er gerður milli Norðlingaskóla, nemanda og foreldra og kveður á um rétta og eðlilega notkun iPad-tölvu sem skólinn fær nemandanum til umráða.

iPad spjaldtölvun, raðnúmer _____, er eign Norðlingaskóla. Nemanda er skylt að hafa á henni námsefni sem skólinn leggur til. Nemandi má, í samráði við foreldra, setja sitt eigið efni á tölvuna (tónlist o.fl.) – en reglan er sú að ef pláss er af skornum skammti þá vikur efni nemandans fyrir námsefni.

Nemandinn ber ábyrgð á að koma með tölvuna hlaðna og tilbúna til vinnu á hverjum skóladegi.

Nemandinn gæti þess að fara vel með tölvuna og sýna ábyrgð í notkun hennar. Komi í ljós að nemandi eigi í erfiðleikum með að gæta tækisins getur foreldri eða skólinn farið fram á að það sé geymt í skólanum.

Undir engum kringumstæðum má nota tækið á ólöglegan hátt. Ekki má setja í það stolin forrit eða forrit sem breyta stýrikerfi þess.

Skólinn mun ásamt UTM og Epli.is veita tæknilega ráðgjöf og aðstoð.

Fari svo að tækið glattist eða verði fyrir skemmdum þarf að tilkynna það strax til skólans. Gerð verður tjónaskýrsla sem verður þáttur í matsferli verkefnisins. Nemendur og foreldrar verða ekki dregnir til fjárhagslegrar ábyrgðar þótt tæki glattist eða skemmist – en ólíklegt er að nemandi fái nýtt tæki í stað þess glataða/skemmda.

Þegar tækið er komið heim hafa foreldrar fullt vald yfir notkun þess og geta sett þær reglur sem þeir kjósa.

Foreldrar eru hvattir til að hafa áhrif á hvaða forrit eru sótt á tækið og hvernig það er notað. Þeir ákveða hvort nemandinn fái sjálfur lykilorð til uppsetninga á forritum eða hvort það sé í fórum foreldra.

Ekki er leyfilegt að setja upp annan aðgang (Apple ID) á tækið en þann sem fylgdi frá skóla nema með leyfi og vitund skólans.

Foreldri greiðir 5.000 króna tryggingargjald við afhendingu tækisins og fá það endurgreitt þegar tækinu er skilað enda hafi tækið ekki orðið fyrir skemmdum sem stafa af vanhirðu.

Þetta samþykkinga,

Dags.

Nemandi

Foreldri

F.h. skóla